



Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2025

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamanna-
stöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila

Sérstök áhersla er lögð á minna sótt svæði og lengingu ferðatímabils

Í úthlutuninni er lögð áhersla á minna sótt svæði og lengingu ferðatímabils. Gæðamat sjóðsins mun taka mið af þessari áherslu og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér nýtt gæðamatsblað sjóðsins sem mun liggja fyrir á heimasíðu Ferðamálastofu, www.ferdamalastofa.is, á umsóknartíma.

Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- Öryggi ferðamanna.
- Náttúruvernd, viðhaldi og uppbyggingu ferðamannastaða og ferðamannaleiða.
- Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda.

Sjóðnum er ekki heimilt m.a.:

- Að bera rekstrarkostnað af mannvirkjum og vegna náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.
- Að fjármagna framkvæmdir sem eru á landsáætlan um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
- Veita fjármagni til verkefna sem þegar er lokið.

Gæði umsókna

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þau lög og reglur sem um sjóðinn gilda og vanda umsóknir sínar í hvívetna. Umsækjendum er bent á að kynna sér gæðaviðmið sjóðsins sbr. gæðamatsblað ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn, skilyrði lánveitenda og umsóknarferlið, sem finna má á vefsíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is/umsoknir

Hvar ber að sækja um

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum island.is en hlekkur á umsókn er á vefsíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is/umsoknir

Umsóknarfrestur

Umsóknartímabil er frá og með 12. september til kl. 13 þriðjudaginn 15. október. Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til álitna.



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board



Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Hafnarstræti 91, 600 Akureyri



www.ferdamalastofa.is



upplýsingar@ferdamalastofa.is